

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 25. október 2017 í máli nr. E-162/2016:

Landsbankinn hf.

(Ásgeir Jónsson hrl.)

gegn

Steingrími Erlendssyni

(sjálfur)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. ágúst sl., höfðaði stefnandi, Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, hinn 19. janúar 2016, gegn stefnda, Steingrími Erlendssyni, [...], [...].

Kröfur stefnanda í málinu eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 8.428.880 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2012 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að kröfur bankans verði lækkaðar verulega. „Þá krefst stefndi þess að kennitölufلاك Landsbankans komi ekki í veg fyrir réttláta málsmeðferð. Stefndi krefst 35 milljón króna bóta frá stefnanda vegna skaða og þjánainga sem lögbrot, blekkingar og svik gamla og nýja Landsbankans hafa valdið honum.“ Stefndi krefst þess enn fremur að stefnandi aflétti tryggingaveðbréfi af fasteign stefnda að [...], íbúð [...]. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Hinn 19. maí 1988 stofnaði stefndi reikning nr. [...] við útibú Landsbanka Íslands hf. Yfirdráttarheimild á reikningnum rann út án þess að uppsöfnuð skuld reikningsins væri greidd og var reikningnum í kjölfarið lokað 8. júlí 2009. Uppsöfnuð yfirdráttarskuld stefnda á reikningnum nam þá stefnufjárhæð málsins, 8.428.880 krónum.

Stefnandi telur atvik máls þessa ekki önnur en að framan er rakið. Mál þetta snúist eingöngu um yfirdráttarskuld stefnda á reikningi nr. [...]. Stefndi segir hins vegar upphaf málsins að rekja til þess að síðla árs 2006 hafi hann beint fyrirspurn til útibússtjóra Landsbanka Íslands hf. í Mjódd varðandi hlutabréf í Actavis og Kaupþingi. Félag stefnda, Axa ehf., síðar Afleiður ehf., hafi síðan á grundvelli ráðlegginga bankans ráðist í kaup á hlutabréfum, stefndi þegið lán frá bankanum til kaupanna og gefið út veðtryggingarbréf í íbúð sinni láninu til tryggingar. Útgáfa bréfsins hafi hins vegar dregist svo mjög að þegar því hafi loks verið þinglýst í byrjun febrúar 2008 hafi hlutabréf í fyrrnefndum tveimur félögum verið búin að

hækka um að minnsta kosti 20% og hið umsamda kauptækifæri því verið fokið út um gluggann. Landsbanki Íslands hf. hafi tengt veðskuldabréfið lánalínu, þvert á nýjar reglur bankans, til viðskipta sem stefndi hafi enga reynslu haft af með áherslu á erlend hlutabréf í afleiðutengdum viðskiptum. Félag stefnda hafi í kjölfarið átt í verðbréfa- og hlutabréfaviðskiptum á grundvelli ráðgjafar starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Tap hafi orðið á þeim viðskiptum og hluti þess taps hafi verið fært sem yfirdráttarskuld á reikning stefnda nr. [...].

Stefnandi sendi stefnda innheimtubréf 21. ágúst 2009. Þar sem stefndi greiddi ekki áður nefnda yfirdráttarskuld höfðaði stefnandi mál þetta 19. janúar 2016 samkvæmt áðursögðu.

II

Stefnandi vísar til þess að innistæðulausar færslur á reikningi stefnda hjá bankanum hafi 8. júlí 2009 numið 8.428.880 krónum. Reikningnum hafi þá verið lokað. Í kjölfarið hafi stefnandi reynt að innheimta skuldina, en án árangurs. Bankinn hafi því neyðst til að höfða mál þetta.

Stefnandi kveður hér engu máli geta skipt að stefnandi hafi margoft greitt af tékkareikningi sínum ýmsan kostnað fyrir Axa ehf. Í fæstum tilvikum hafi verið um greiðslur tengdar verðbréfaviðskiptum. Við þetta hafi ekkert verið að athuga, enda megi eigendur félaga lána félögum í sinni eigu. Í þeim tilvikum myndist skuld í bókum viðkomandi félags við eigandann. Þann málatilbúnað stefnda að stefnandi hafi veitt Axa ehf. lán í gegnum tékkareikning stefnda segir stefnandi rangan. Stefndi sjálfur hafi verið lántakinn og fullyrðingar um annað séu með öllu ósannaðar.

Af hálfu stefnanda er einnig á það bent að stefndi hafi reglulega fengið send reikningsyfirlit þar sem fram hafi komið að athugasemda væri óskað innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars teldist reikningurinn réttur, sbr. einnig grein B.5 í reglum og skilmálum stefnanda um debetkortareikninga. Stefndi hafi aldrei mótmælt stöðu yfirdráttarskuldarinnar sem rangri. Þannig hafi stefndi ekki mótmælt tilkynningu stefnanda um óheimilan yfirdrátt, dagsettri 8. janúar 2009, en á því yfirliti komi fram að öll yfirdráttarskuld stefnda hafi þá verið án heimildar. Mótmæli við skuldina hafi fyrst komið fram eftir að stefnandi höfðaði mál þetta.

Stefnandi segir kröfu sína ófyrnda, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Yfirdráttarlán séu peningalán sem fyrnist á 10 árum. Þá hafi nýr höfuðstóll skuldarinnar myndast hverju sinni með áföllnum vöxtum og kostnaði. Samkvæmt því og öðru framangreindu sé höfuðstóll dómkröfu bankans gildur og standi hann óhaggaður. Dráttarvaxta krefjist stefnandi fjögur ár aftur í tímann, frá þingfestingardegi að telja, og sú krafa stefnanda sé því að engu leyti fyrnd.

Gagnkröfur stefnda segir stefnandi ekki komast að í málinu. Meint skaðabóta krafa stefnda á hendur stefnanda sé engum gögnum studd. Krafan sé með öllu ósönnuð og órökstudd. Hún sé ekki sundurliðuð og á allan hátt vanreifuð. Þá eigi hún sér enga stoð í lögum. Krafa stefnda um afléttingu tryggingarveðbréfs af fasteign stefnda að [...], íbúð [...], komist ekki að í málinu þar sem stefndi hafi ekki gagnstefnt í málinu. Þegar af þeirri ástæðu beri að vísa kröfunni frá dómi.

Stefnandi segir mál þetta ekki snúast um viðskipti Axa ehf. og gamla Landsbankans. Hér sé eingöngu til úrlausnar áðurnefnd yfirdráttarskuld stefnda við stefnanda. Bendir stefnandi á að bú Afleiða ehf., áður Axa ehf., hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og því hafi stefndi ekkert forræði á málefnum þess félags lengur. Skiptum á félaginu hafi lokið 19. janúar 2016 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Þá sé ljóst að meintar kröfur stefnda, eða eftir atvikum Afleiða ehf., vegna verðbréfiðskipta geti aldrei verið á hendur stefnanda þar sem það félag hafi ekki verið í viðskiptum við stefnanda heldur gamla Landsbankann.

Kröfur sínar segir stefnandi styðjast við reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Dráttarvaxtakrafan sé reist á ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en krafist sé dráttarvaxta fjögur ár aftur í tímann frá þingfestingardegi að telja. Krafa stefnanda um málskostnað styðjist við ákvæði 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafa hans um virðisaukaskatt af málflytninguþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi vísar í því sambandi til þess að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og honum beri því nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

Hvað aðild stefnanda að málinu varðar vísar bankinn til þess að Fjármálaráðuneytið hafi 9. október 2008, með heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekið þá ákvörðun að ráðstafa hluta eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., sem nú heiti Landsbankinn hf., stefnandi máls þessa. Krafan á hendur stefnda vegna yfirdráttarlánsins hafi verið meðal þessara eigna.

III

Stefndi segir að baki kröfu stefnanda vera lögbrot, blekkingar og svik af hálfu starfsmanna stefnanda, auk þess sem upplýsingagjöf af hálfu bankans hafi verið röng og villandi og farið gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 30., 31., 33. og 36. gr. laganna. Þar hafi verið í lykilhlutverki A verðbréfiðskipta, auk B, núverandi yfirmanns markaðsviðskipta bankans, og C, fyrrverandi útibússtjóri bankans í Mjódd. Sá síðastnefndi hafi útfært málin þannig að blanda saman kennitölum stefnda og einkahlutafélags hans. Stefnandi hafi verið grandlaus í hinum meintu viðskiptum og ekki verið kunnugt um að þau væru ólögleg.

Stefndi segir hann og einkahlutafélag hans aldrei hafa uppfyllt nein skilyrði laga um verðbréfavíðskipti til að vera í flokki fagfjárfesta hjá Landsbanka Íslands hf. Stefnda hafi ekki verið kunnugt um það regluverk fyrr en eftir að meint víðskipti voru komin í óefni. Kveður stefndi ljóst að bankinn hafi gerst sekur um lögbrot með því að opna fyrir slík víðskipti. Afleiðingar þeirra séu til umfjöllunar í máli þessu. Stefndi segir bankann hafa gerst brotlegan gegn lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, einkum ákvæði 19. gr. laganna, og laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, einkum 1., 9., 11., 15., 16., 21., 23. og 24. gr. Bankinn hafi enn fremur brotið gegn ákvæðum reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja (MiFID), einkum 25., 36. og 37. gr. hennar, og reglugerðar nr. 994/2007 hvað varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um víðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerna til víðskipta og skilgreininga hugtaka að því er varði þá tilskipun.

Af hálfu stefnda er til þess vísað að félag hans, Afleiður ehf., hafi á grundvelli ráðlegginga Landsbanka Íslands hf. ráðist í kaup á hlutabréfum, stefndi þegið lán frá bankanum til kaupanna og gefið út veðtryggingarbréf í íbúð sinni láninu til tryggingar. Bankinn hafi tengt veðskuldabréfið lánalínu, þvert á nýjar reglur bankans, til víðskipta sem stefndi hafi enga reynslu haft af með áherslu á erlend hlutabréf í afleiðutengdum víðskiptum. Félag stefnda hafi í kjölfarið átt í verðbréfa- og hlutabréfavíðskiptum á grundvelli ráðgjafar starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Tap hafi orðið á þeim víðskiptum og hluti þess taps hafi verið fært sem yfirdráttarskuld á reikning stefnda nr. [...]. Stefndi segir að á móti skuldastöðu reiknings nr. [...] hafi verið háar upphæðir í eignasafni, hlutabréfum og peningamarkaðsbréfum. Nefnir stefndi sérstaklega að 3.000.000 króna hafi farið út af reikningnum 12. nóvember 2007 og inn á eignasafnið hafi á móti farið hlutabréf í Eltek ASA. Þessi útfærsla hafi verið samkvæmt tillögu Landsbanka Íslands hf. og byggst á væntingum um að verð hlutabréfa færi upp á ný. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir og svo virðist sem stefnandi telji að stefndi sé eini sökudólgurinn og að hann og Landsbanki Íslands hf. beri á því enga ábyrgð.

Stefndi segir Landsbanka Íslands hf. hafa beitt blekkingum og óréttmætum víðskiptaháttum gagnvart stefnda og einkahlutafélagi hans. Neytendavernd hafi ítrekað verið brotin gagnvart stefnda. Misnotkun banka á trausti megi skilgreina sem fjársvik. Tryggingar hafi verið sviknar út úr stefnda. Fjárhagstjón stefnda af víðskiptum hans við bankann sé mikið, auk þess sem málið allt hafi haft áhrif á líf og heilsu stefnda. Þrátt fyrir ítrekaða málaleitan stefnda hafi bankinn í raun aldrei fengist til þess að vinna að heildstæðri lausn með stefnda.

Eftir bankahrunið í október 2008 kveðst stefndi ítrekað hafa óskað eftir víðræðum við stefnanda, óháð því hver bæri ábyrgð á því hvernig fór. Fagraði

stefnanda hafi verið sent erindi sumarið 2009 og bankanum gert tilboð um lokauppgjör. Um leið hafi verið óskað eftir því að bankinn gerði stefnda gagntilboð gengi hann ekki að tilboði stefnda. Afmarkað svar/tilboð hafi borist frá fagraðinu og ekki hafi reynst unnt að ná fram viðræðum eða fá fram nýtt tilboð. Þá hafi stefnandi hafnað því að taka við íbúðum stefnda sem þætti í lokauppgjöri árið 2009 og vísað stefnda á opinber úrræði. Stefnandi hafi aldrei fengist til þess að ræða við stefnda og freista þess að ná heildstæðum samningi um málefni stefnda í bankanum. Stefnandi hafi þó gefið stefnda ákveðið loforð, fyrst haustið 2014, sem hrint hafi verið í framkvæmd í febrúar 2015, og samhliða krafist þess að stefndi skrifaði undir yfirlýsingu um greiðsluþrot Afleiða ehf. Á móti hafi bankinn ætlað að aflétta tryggingaveðbréfi af íbúð stefnda og ljúka málinu gagnvart honum persónulega. Stefnandi hafi hins vegar ekki staðið við það samkomulag.

Stefndi segir að það hafi ekki verið fyrr en vorið 2014 sem honum var tjáð sú afstaða stefnanda að bankinn horfði eingöngu til þeirra fjárhæða sem komið hefðu til hans frá gamla bankanum, Landsbanka Íslands hf., en ekki atvik að baki þeim. Segir stefndi það ekki ganga upp gagnvart honum að stefnandi geti haldið því fram að kröfur stefnda gagnvart gamla bankanum séu úr gildi fallnar en stefnandi sé hins vegar stikkfrír og geti innheimt þá skuld sem stofnað hafi verið til með lögbrotum.

Til stuðnings lækkunarkröfu sinni sérstaklega vísar stefndi til þess að ekki hafi verið gerður við hann samningur um yfirdráttarheimild samkvæmt 3. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán. Þá segir stefndi vexti og annan kostnað af reikningnum fyrndan, sbr. 3. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr. og 24. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu.

IV

Í máli þessu hefur stefndi uppi tvær gagnkröfur. Skaðabótakrafa hans á hendur stefnanda að fjárhæð 35.000.000 króna er hvað fjárhæð kröfunnar varðar engum haldbærum gögnum studd. Þá fer því fjarri að krafan sé nægjanlega rökstudd. Málartilbúnaður stefnda hvað skaðabótakröfuna varðar er því svo vanreifaður að dómurinn á þess ekki annan kost en vísa kröfunni frá dómi ex officio.

Hin gagnkrafa stefnda í málinu er sú að stefnanda verði gert að aflétta tryggingaveðbréfi af fasteign stefnda að [...], íbúð [...]. Fyrir liggur að stefndi höfðaði ekki gagnsök í málinu, sbr. 2. mgr. 28. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þegar af þeirri ástæðu getur dómurinn ekki tekið efnislega afstöðu til kröfunnar og sætir hún því einnig frávisun ex officio.

Upplýst er að 19. maí 1988 stofnaði stefndi reikning nr. [...] við útibú Landsbanka Íslands hf. Yfirdráttarheimild á reikningnum rann út án þess að uppsöfnuð skuld reikningsins væri greidd og var reikningnum í kjölfarið lokað 8.

júlí 2009. Uppsöfnuð yfirdráttarskuld stefnda á reikningnum nam þá stefnufjárhæð málsins, 8.428.880 krónum.

Hinn 9. október 2008 tók Fjármálaráðuneytið, með heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, ákvörðun um að ráðstafa hluta eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., sem nú heitir Landsbankinn hf., stefnandi máls þessa. Krafa stefnanda á hendur stefnda vegna yfirdráttarlánsins var meðal þessara eigna.

Stefndi reisir sýknukröfu sína einkum á því að að baki kröfu stefnanda séu lögbrot, blekkingar og svik af hálfu starfsmanna stefnanda og forvera hans, auk þess sem upplýsingagjöf af hálfu bankans hafi verið röng og villandi og farið gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 30., 31., 33. og 36. gr. laganna. Hafi Landsbanki Íslands hf. beitt blekkingum og óréttmætum viðskiptaháttum gagnvart stefnda og einkahlutafélagi hans. Þá hafi neytendavernd ítrekað verið brotin gagnvart stefnda og tryggingar verið sviknar út úr honum. Að mati dómsins hefur stefnda ekki tekist að færa sönnur á þennan málatilbúnað sinn, hvorki með framlagningu skriflegra gagna né vitnaleiðslum, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki á honum byggt.

Þá vísar stefndi jafnframt til þess að stefnandi og forveri hans hafi brotið gegn lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, einkum ákvæðum 19. gr. laganna, og laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, einkum 1., 9., 11., 15., 16., 21., 23. og 24. gr. Einnig hafi verið brotið gegn ákvæðum reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja (MiFID), einkum 25., 36. og 37. gr. hennar, og reglugerðar nr. 994/2007 hvað varðar skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um víðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerna til víðskipta og skilgreininga hugtaka að því er varði þá tilskipun. Var þessi hluti málatilbúnaðar stefnda settur fram er hann naut lögmannsaðstoðar í málinu. Mjög skortir á að stefndi hafi gert nægjanlega vel grein fyrir því hvernig hin fjölmörgu tilvitnuðu lagaákvæði tengjast þeim málsástæðum sem mögulega má finna í greinargerð hans í málinu. Það gerði hann heldur ekki í munnlegum málflutningi. Að mati dómsins er umræddur málatilbúnaður stefnda svo vanreifaður að ófært er að byggja á honum við úrlausn málsins.

Í málinu liggja frammi fjölmörg reikningsyfirlit vegna stöðu reiknings stefnda. Yfirlitin bera það með sér að hafa verið send stefnda. Þá hafa þau að geyma sundurliðaðar upplýsingar um innborganir og úttektir, þar á meðal vegna þjónustugjalda og vaxtakostnaðar. Á yfirlitunum kemur fram að athugasemdir óskist gerðar innan 20 daga frá víðtöku yfirlitsins en annars teljist reikningurinn réttur, sbr. einnig grein B.5 í reglum og skilmálum stefnanda um debetkortareikninga. Dómurinn fær ekki séð að stefndi hafi mótmælt því að honum

hafi borist þessi yfirlit eða að hann hafi gert athugasemdir við útreikninga og gjaldfærslu stefnanda. Á framangreint við um tilkynningu stefnanda um óheimilan yfirdrátt frá því í janúar 2009, en á yfirlitinu kemur fram að öll yfirdráttarskuld stefnda sé þá án heimildar.

Eftir gildistöku laga nr. 179/2000 hinn 20. desember 2000 tekur ákvæði 5. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 til samninga um yfirdráttarheimild, þó þannig að 3. gr. laganna felur í sér sérákvæði um upplýsingagjöf við samninga um yfirdráttarheimild af tékkareikningi og sambærilegum lánessamningum með breytilegum höfuðstól. Hvað sem líða kann fyrirmælum 5. gr. um skriflegan lánessamning hefur verið talið, með hliðsjón af skýringum með 5. gr. frumvarps til upphaflegra laga um neytendalán nr. 30/1993, að það sé ekki fortakslaust skilyrði fyrir gildi lánessamninga að þeir séu skriflegir, heldur gildi munnlegir samningar eftir sem áður, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 349/2014. Þá kom fram í 3. mgr. 14. gr. laganna að lánveitanda væri heimilt að krefja neytanda um vexti og annan lántökukostnað, sem ekki væru tilgreindir í samningi, ef hann gæti sannað að neytanda hafi mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn hafi átt að vera. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið borið við að hann hafi ekki þekkt þær reglur og skilmála sem giltu um tékkaviðskipti og debetkort. Með vísan til alls þessa og dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 533/2014 verður ekki séð að krafa stefnanda geti sætt lækkun með vísan til 3. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán. Þá leiðir af framansögðu að vextir og annar kostnaður af reikningnum getur ekki talist vera fyrndur.

Yfirdráttarlán eru peningalán sem fyrnast á 10 árum, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, en um fyrningu kröfunnar fer samkvæmt þeim lögum, sbr. ákvæði 28. gr. laga nr. 150/2007. Krafa stefnanda er því ófyrnd,

Stefnandi gerir kröfu um dráttarvexti af yfirdráttarskuldinni í fjögur ár aftur í tímann frá þingfestingardegi að telja. Vextir af peningakröfu fyrnast á fjórum árum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. nú 3. gr. laga nr. 150/2007, og því er dráttarvaxtakrafa stefnanda ófyrnd.

Samkvæmt öllu framangreindu þykir stefndi ekki hafa hnekkst framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Samkvæmt yfirlitinu nam uppsöfnuð yfirdráttarskuld stefnda 8. júlí 2009 stefnufjárhæð málsins, 8.428.880 krónum. Með vísan til þess og annars framangreinds verður stefndi dæmdur til greiðslu skuldarinnar með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2012 til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem

hæfilega þykir ákveðinn að öllum atvikum málsins virtum svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D Ó M S O R Ð:

Skaðabótakröfu stefnda, Steingríms Erlendssonar, að fjárhæð 35.000.000 króna og kröfu hans um að stefnanda, Landsbankanum hf., verði gert að aflétta tryggingaveðbréfi af fasteign stefnda að [...], íbúð [...], er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi greiði stefnanda 8.428.880 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá 17. febrúar 2012 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson